



14. apríl 2016

# AÐALFUNDUR

Skýrsla stjórnar fyrir starfsárið 2015



## Efnisyfirlit

INNGANGUR	2
INNRI STARFSEMI	2
Aðilar 2015	2
Rekstur félagsins	4
Stjórn	4
Starfsmenn og starfsstöð	5
Starfsemi	5
Ráðgjafaráð	6
Starfshópar	6
Nordic Guide for Sustainable Materials:	6
Nordic Framework for Urban Development	6
Stefnumótun	7
Styrkt verkefni-útgáfa fræðsluefnis	7
Efnisgæði	7
Híbýli og heilsa	7
YTRI STARFSEMI	8
Kynningarmál	8
Vefsíða Vistbyggðarráðs	8
Viðburðir	8
Yfirlit yfir viðburði:	9
Ráðstefnur	11
INNLENT OG ERLENT SAMSTARF	11
Norrænu vistbyggðarráðin	11
Nordic Built verkefni	11
Samstarfssamningur við BIM Ísland	12
Styrkir og styrkumsóknir	12
Umhverfis- og auðlindaráðuneytið	12
Rannís	12
AD LOKUM	13

## INNGANGUR

Vistbyggðarráð er samráðsvettvangur fyrirtækja, sveitarfélaga og stofnana í mannvirkjageiranum sem eiga það sameiginlegt að stefna að aukinni útbreiðslu á vistvænni hönnun, byggingaraðferðum og skipulagi.

Tilgangur Vistbyggðarráðs er að vera leiðandi vettvangur á sviði sjálfbærrar þróunar við skipulag, hönnun, byggingu, rekstur og viðhald mannvirkja á Íslandi. Samtökin skulu hvetja til stöðugra umbóta í anda sjálfbærrar þróunar í mannvirkjagerð og skipulagi og stuðla þannig að því að þjóðin geti ávallt búið við heilbrigð og góð lífsskilyrði í vistvænni byggð.

Markmið samtakanna byggjast í grófum dráttum á eftirfarandi atriðum:

- Að skilgreina íslensk viðmið fyrir vistvæna byggð sem auðvelda hönnuðum og hagsmunadilum að þróa í auknum mæli vistvænar áherslur við skipulag, hönnun, byggingu, rekstur og viðhald mannvirkja á Íslandi.
- Að styðja við faglega umræðu og rannsóknir á sviði vistvæns skipulags og mannvirkjagerðar.
- Að stuðla að fræðslu almennings og hagsmunaaðila á Íslandi um vistvænt skipulag og mannvirki.
- Að stuðla að samvinnu við erlendar systurstofnanir með það að markmiði að miðla af okkar reynslu og nýta þekkingu frá öðrum löndum.

## INNRI STARFSEMI


### Aðilar 2015

Eftirtöld fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög voru skráðir aðilar að Vistbyggðarráði starfsárið 2015-2016. Aukning var um eitt aðildafélag 2015, HBH byggir ehf. Við upphaf aðalfundar 2016 eru aðildafélög alls 39.

Arkís arkitektar ehf	Hornsteinar
Ask arkitektar	Húsasmiðjan
Búseti	Iðan fræðslusetur
BYKO	Ikea/Miklatorg hf
EFLA	Íslenskir aðalverktakar
Fasteignir ríkissjóðs	Landslag ehf
Félagsbústaðir	Landsvirkjun
Framkvæmdasýsla ríkisins	Mannvirkjastofnun
Háskólinn í Reykjavík	Mannvit
HBH byggir ehf	Nýsköpunarmiðst:Bygginga-og jarðtæknisvið

Nýsköpunarmiðstöð:Efnisfræði- og steinsteypusteypusvið	THG arkitektar
Orkuveita Reykjavíkur	Urriðaholt ehf
Reitir	VA arkitektar
Reykjavíkurborg: Umhverfis- og skipulagssvið	Verkís
Ríkiskaup	VBS verkfræðistofa
Sesseljuhús / umhverfisetur	VSÓ verkfræðistofa
Skipulagsstofnun	Mosraf ehf (2016)
Steinull hf	Sérefni ehf (2016)
Teiknistofan TARK ehf	Vegagerðin (2016)
Teiknistofan Tröð ehf	

Á súluritinu má sjá samsetningu aðila (2015) og er miðað við skiptingu sem sett er fram af World Green Building Council, sem eru samtök Vistbyggðarráða (Green Building Council) á heimsvísu<sup>1</sup>. Samsetning aðildafélaga er ætlað að endurspeglar byggingarmarkaðinn og þá sem starfa í tengslum við hann. Þetta súlurit sýnir jafnframt hvar þarf helst að auka fjölbreytni í aðildarhóp Vistbyggðarráðs.





[Mynd: Súluritið hér að ofan sýnir fjölda aðila í mismunandi atvinnugreinaflokkum]

<sup>1</sup> <http://www.worldgbc.org/>

## Rekstur félagsins

Aðildagjöld eru nú tæplega 60% af innkomu félagsins, en að auki hafa styrkir verið sóttir til að fjármagna einstök verkefni og eru það fyrst og fremst styrkir frá Umhverfis- og auðlindaráðuneyti og Norræna nýsköpunarstjónum (Nordic Built). Eins og sjá má hér að neðan eru aðildagjöldin 56% tekna en styrkir 44 % og hefur hlutfall styrkja hækkað frá síðasta ári þegar þeir voru rúm 30% og hlutfall aðildagjalda að sama skapi lækkað. Laun og launatengd gjöld voru 71% af rekstrargjöldum á árinu en almennur rekstur 27%. Niðurfelld aðildagjöld upp á 220 þús reiknast sem 2%, en um er að ræða félög sem hættu rekstri á árinu.



## Stjórn

Stjórn Vistbyggðarráðs er skipuð fimm mönnum auk tveggja varamanna sem ávallt eru boðaðir á fundi og eru virkir í stjórn. Stjórnin fundar að 8-10 sinnum á ári. Fundagerðir stjórnar eru allar aðgengilegar á vef Vistbyggðarráðs.

Þrjú stjórnarmenn gáfu ekki kost á áframhaldandi setu í stjórn á síðasta aðalfundi, eða þau Ásdís Hlökk Theodórsdóttir (Skipulagsstofnun), Páll Gunnlaugsson (ASK arkitektar) og Guðmundur Tryggvi Sigurðsson (Reitir).

Á aðalfundinum átti að kjósa tvo aðalmenn til tveggja ára og einn varamann til 2 ára en þar að auki þurfti að kjósa einn aðalmann í eitt ár þar sem Guðmundur Tryggvi sem hvarf til annarra starfa átti eitt ár eftir í stjórn. Tveir aðalmenn og einn varamaður sátu sitt annað starfsár, en það voru þau Haukur Magnússon (ÍAV) og Björn Guðbrandsson (Arkís) og Elín Vignisdóttir (Verkís).

## Stjórn Vistbyggðarráðs 2015-2016

### Aðalmenn:

- Andri Þór Arinbjörnsson (Reitir)- gjaldkeri
- Björn Guðbrandsson (Arkís)
- Bergljót S. Einarsdóttir (Framkvæmdasýsla ríkisins)
- Haukur Magnússon (Íslenskir aðalverktakar)
- Helga Jóhanna Bjarnadóttir (EFLA)- formaður til eins árs.



### Varamenn:

- Elín Vignisdóttir (Verkís)-ritari
- Gísli Örn Bjarnhéðinsson (Búseti).

Á aðalfundi voru einnig kosnir tveir skoðunarmenn reikninga; Aldís M. Norðfjörð (Mannvirkjastofnun) og Rúnar Gunnarsson (Reykjavíkurborg).

## Starfsmenn og starfsstöð

Starfstöð Vistbyggðarráðs var áfram hjá Verkís í Ofanleiti 2. Þrjár starfsmenastöður voru auglýstar í byrjun sumars. Tvær þeirra voru launaðar og tengdar styrkjum frá Umhverfis- og auðlindaráðuneytin og ein ólaunuð staða til 3 mánaða. Nokkrar umsóknir bárust og voru tekin viðtöl við umsækjendur.

Starfsmenasamningur var gerður við Erlu Björg Aðalsteinsdóttur meistaranema í umhverfis og auðlindafræðum við HÍ og var hún í ólaunuðu hlutastarfi í þessa 3 mánuði. Erla Björg sinnti ýmsum verkefnum fyrir VBR m.a. sá hún um vefsíðu og facebook síðu, skrifaði styrkumsókn, aðstoðaði við viðburði og ýmislegt fleira. Vistbyggðarráð þakkar henni framlag sitt sem var gott og vel þegið og um leið góð innspýting í starfseminu.



Þá var gerður tímabundinn starfsmenasamningur við Hildi Hreinsdóttur (MA í Sustainable Urban Management/ Malmö University, MA Leadership and Organization, MA í tungumálakennslu frá Antonio de Nebrija University (Madrid). Fólst verkefni hennar í að skoða heimildir og skrifa texta fyrir bæklinginn/verkefnið, *Híbýli og heilsa. Heilsufarsleg áhrif vistvænna bygginga*. Einnig var gerður sams konar samningur við Margréti Kristínu Gunnarsdóttur, arkitekt (cand.arch Arkitektskolen Århus), um að afla heimilda og skrifa texta fyrir fræðsluefni um vistvænt byggingarefni fyrir verkefnið, *Efnisgæði*. Báðar skiluðu þær af sér efni í upphafi árs 2016 sem verið er að vinna úr.

## Starfsemi

Eitt af markmiðum Vistbyggðarráðs er að styðja við faglega umræðu og stuðla að miðlun upplýsinga um vistvænar aðferðir og áherslur til almennings og hagsmunaaðila. Það er gert m.a. með því að halda úti vefsíðu og standa fyrir opnum málefnafundum og öðrum viðburðum. Hér verða taldir upp viðburðir á liðnu ári en fyrst fjallað um ýmis önnur verkefni.

Framkvæmdastjóri sinnir almennri og daglegri starfsemi auk þess að sinna erlendum samskiptum einkum við systursamtök á Norðurlöndunum.

## Ráðgjafaráð

Ráðgjafaráð Vistbyggðarráðs er samsett af 15 einstaklingum úr aðilahópnum með víðtæka þekkingu og reynslu á sínu fagsviði. Stjórn tilnefnir aðila í ráðið eftir aðalfund annað hvert ár til 2 ára í senn. Síðast var skipað í ráðið árið 2012 og var stefnt að því að endurskipa í ráðið 2015. En þar sem það láðist að gera ráð fyrir því í dagskrá aðalfundar varð ekki að því og sátu því fulltrúar áfram. Ráðið var boðað á fund með framkvæmdastýru í janúar 2015. Eftirtaldir aðilar hafa setið í ráðgjafaráði síðan 2012:

Árni Friðriksson	ASK arkitektar
Inga Dagfinnsdóttir	Skipulagsstofnun
Eysteinn Einarsson	EFLA
Birgir Teitsson	Arkís
Aðalsteinn Snorrason	Arkís
Egill Guðmundsson	Arkís
Gíslína Guðmundsdóttir	FSR
Sigurgeir Þórarinsson	Mannvit
Aldís Norðfjörð	Mannvirkjastofnun
Ólafur Ásteirsson	IÐAN fræðslusetur
Arndísi Ósk Ólafsdóttir	Orkuveita Reykjavíkur
Gísli Valdimarsson	VSB verkfræðistofa

Gert er ráð fyrir að framkvæmdastýra geti kallað til einstaka aðila úr ráðinu til þess að vera til ráðgjafar varðandi einstök úrlausnarefni allt eftir sérsviði þeirra og þekkingu. Ráðgjafaráð virkar jafnframt sem nokkurskonar rýnihópur í tengslum við ýmis verkefni í samvinnu við framkvæmdastjóra.

Í erindisbréfi ráðsins segir að hlutverk ráðsins sé:

„Að vera framkvæmdastjóra og stjórn til ráðgjafar um ýmis þau málefni sem koma upp í starfsemi samtakanna hverju sinni.

Að taka virkan þátt í stefnumótun við hlið stjórnar.

Að geta komið fram sem talsmenn samtakanna og þeirra sjónarmiða sem þau standa fyrir.“

## Starfshópar

Starfræktir voru tveir starfshópar á árinu í tengslum við tvö norræn verkefni sem Vistbyggðarráð vann að á árinu.

### Nordic Guide for Sustainable Materials:

Á árinu var unnið að krafti að verkefninu Nordic Guide for sustainable materials í samvinnu við vistbyggðarráð Noregs, Svíþjóðar og Finnlands. Vinna við verkefnið kláraðist á árinu og er lokaskýrsla væntanlega á fyrstu mánuðum ársins 2016. Fundagerðir og ýmis gögn tengd verkefninu má finna á vefsíðu Vistbyggðarráðs. Auk Sigríðar Bjarkar Jónsdóttur unnu þau Björn Marteinnsson hjá Nýsköpunarmiðstöð og Helga J. Bjarnadóttir hjá EFLU að verkefninu fyrir hönd Vistbyggðarráðs.

### Nordic Framework for Urban Development

Lokaafurð þessa verkefnis, eru n.k. leiðbeiningar eða gátlisti um vistvæna þróun þéttbýlis, sem getur nýst bæði sveitarfélögum og ýmsum framkvæmdaaðilum í upphafi verkefna, en vegvísinn má þá nota sem sniðmát á verkferla. Vegísirinn hefur nú verið þýddur á íslensku og er aðgengilegur á vefsíðu Vistbyggðarráðs, en síðar í vor verður einnig opnaður aðgangur af vefsíðu þar sem hægt verður að skoða fyrirmyndarverkefni um vistvæna þróun þéttbýlis. Alls hafa 12 aðilar tekið þátt í þessu verkefni og hafa

nokkrir þeirra skilað in dæmum um annað hvort góðar hönnunarlausnir eða verkefni þar sem stjórnun og stefnumótun um vistvæna þróun hafa komið vel út.

Haldnir voru tveir fundir í innlenda bakhópnum sem tengist verkefninu, Norrænn vegvísir um vistvæna þróun þéttbýlis. Fundagerðir og gögn eru aðgengileg á vefsíðu verkefnisins.

Starf beggja þessara hópa hefur verið opið að því leyti að óskað hefur verið eftir þátttöku og fundir auglýstir á póstlista aðildafélaga, en einnig hefur verið leitað til fulltrúa aðila sem hafa tengingu við efnið og/eða hafa tekið þátt í norrænum vinnuhópum.

## Stefnumótun

Í gildi er stefna Vistbyggðarráðs frá 2013-2015 með skýrt skilgreindum stefnumiðum.

Á aðilafundi þann 15. október, 2015 var unnið að því að yfirfara og endurskoða ofangreinda stefnu en fulltrúar 10 aðila sóttu þennan fund. Sett var fram árangursmat fyrir árin 2014 og 2015 og voru niðurstöður viðhorfskönnunar sem gerð var meðal aðila um starfsemi Vistbyggðarráð, kynnt. Í kjölfar þessa fóru fram umræður í hópum og hugmyndum safnað. Á grundvelli þessarar vinnu var síðan sett fram starfsáætlun fyrir árið 2016. (sjá einnig umfjöllun um aðilafund 15. okt. hér að neðan.) Enn á eftir að uppfæra stefnuskjalið sjálfst í 2016 útgáfu. Hægt er að skoða niðurstöður viðhorfskönnunar á heimasíðu VBR.

## Styrkt verkefni-útgáfa fræðsluefnis

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið veitti Vistbyggðarráði tvo verkefnastyrki árið 2015, en þetta eru verkefni: Efnisgæði og Híbýli og heilsa. Styrkirnir gera VBR kleift að gefa út tvö leiðbeiningarrit í vefútgáfu til að byrja með. Tveir starfsmenn hafa verið ráðnir tímabundið til að sinna þessum verkefnum.

### Efnisgæði

Markmiðið með verkefninu, Efnisgæðum er að gefa út aðgengilegt fræðsluefni um vistvænar byggingavörur með áherslu á íslenskan markað þar sem m.a. verður fjallað um mögulega endurnýtingu, mismunandi eiginleika byggingavöru og algengar umhverfismerkingar. Margrét Kristín Gunnarsdóttir arkitekt var ráðin til að sinna þessu verkefni. Margrét útskrifaðist sem Cand. Arch frá Arkitektaháskólanum í Arósum (2011) og hefur unnið að ýmsum verkefnum m.a. hönnun gosminjasafnsins Eldheima í Vestmannaeyjum. Margrét hefur skilað af sér texta sem er í yfirllestri og er stefnt að því að gefa fræðsluefnið út í vefútgáfu fyrir sumarið.

### Híbýli og heilsa

Í verkefninu Híbýli og heilsa. Heilsufarsleg áhrif vistvænna bygginga og byggðs umhverfis, eru settar fram einfaldar ábendingar um æskilegar aðferðir og áherslur í tengslum við endurgerð og lagfæringar á eldra húsnæði sem og hönnun og framkvæmd nýbygginga með áherslu á heilsufarslega þætti og hvað þurfi að skoða í því sambandi. Einnig verður fjallað um það hvernig gott og vandað skipulag getur hvatt til aukinnar hreyfingar og heilsusamlegra lífnaðarháttá. Hildur Hreinsdóttir var ráðin til að sinna verkefninu, en hún hefur lokið tveimur meistaraþráðum við Háskólann í Malmö í Svíþjóð, annars vegar í Sustainable Urban Management (2015) þar sem hún lagði áherslu á græn almenningssvæði, og hins vegar MA í Leadership and Organization (2014). Stefnt er að því að gefa ritið út fyrir sumarið 2016



## YTRI STARFSEMI

### Kynningarmál

Vistbyggðarráð hefur hingað til að mestu kynnt sig og starfsemi sína í gegnum heimasíðuna, [www.vbr.is](http://www.vbr.is) og með auglýsingum sem dreift er á póstlista félagsins. Undanfarin 2 ár hefur það virkað afar vel að kaupa aukna dreifingu á facebook viðburði, en ekki hafa verið keyptar aðrar auglýsingar.

Með formlegum samstarfssamningum hefur VBR að auki náð útbreiðslu á póstlistum annarra félagsamtaka. Reynslan hefur sýnt að athygli fjölmiðla tengist beint viðburðum sem haldnir eru en einnig geta greinaskrif í dagblöð og önnur tímarit haft töluverð áhrif. Á árinu 2015 birtist ein grein eftir framkvæmdastýru í dagblaði sem dreift er um allt land en að auki birtist umfjöllun um viðburði á Rúv og í fréttum Stöðvar 2.

### Vefsíða Vistbyggðarráðs

Á vefsíðunni má finna fréttir um ýmislegt sem tengist starfsemi, yfirlit yfir viðburði sem félagið og tengdir aðilar standa fyrir, auk annars áhugaverðs fræðsluefnis. Einnig er hægt að skoða allar fundagerðir stjórnar, ársreikninga félagsins og starfsáætlanir. Auk þess er hægt að kynna sér norrænu verkefni, fundagerðir, skýrslur og annað ítarefni.

Með tilkomu nýrrar tækni og aukinnar notkunar á spjaldtölvum og snjallsímum, er orðið aðkallandi að endurnýja vefsíðuna sem sett var upp haustið 2010. Leitað var tilboða um annars vegar endurhönnun og hins vegar einfaldar uppfærslu, en ákveðið að geyma það sökum kostnaðar sem ekki hefur verið gert ráð fyrir í áætlunum.

Eftir sem áður er lögð áhersla á gagnsæi í starfsemi samtakanna sem m.a.felst í því að birta það helsta sem varðar formlega starfsemi VBR s.s. fundagerðir, samþykktir og skýrslur.



### Viðburðir

Undanfarin ár hefur Vistbyggðarráð staðið fyrir nokkrum opnum fundum á ári um ýmis málefni tengdum starfsemi og áherslum félagsins, annað hvort eitt eða nú í auknum mæli í samstarfi við aðra. Viðburðir dreifðust nokkuð jafnt yfir árið og er hér gerð grein fyrir viðburðum sem eru opnir öllum og hafa verið auglýstir sem slíkir.

Á starfsárinu 2015 voru haldnir alls 7 viðburðir, örlítið færri en undanfarin ár, en á sama tíma fór meiri vinna í að sinna norrænu samstarfi og vinnufundum tengdum þeim. Haldnir voru tveir opnir fundir og farið í göngutúr á slóðir vistvænna verkefna í viku vistvænna bygginga. Þá tók VBR virkan þátt í að skipuleggja samnorrænu ráðstefnu Vistbyggðarráðanna sem haldin var í Danmörku í lok apríl. Þá tók VBR þátt í öðrum viðburðum í samstarfi, svo sem þemafundi Skipulagsstofnunar í lok nóvember.

Yfirlit yfir viðburði:

**Opnir fundir:**

- **Grænir fletir.** Í Norræna húsinu, 6.mars
- **Vistferilsgreining og íslenskur byggingariðnaður.** Í norræna húsinu, 21. maí

**Vika vistvænna bygginga:**

Vistvænar byggingar, fólk og náttúra. Göngutúr/skoðunarferð, 23. September

**Ráðstefnur:**

Ráðstefna Norrænu Vistbyggðarráðanna 28. apríl í Kaupmannahöfn

**Aðrir auglýstir fundir:**

Þemafundur Skipulagsstofnunar um blágrænar ofanvatnslausnir, 26. nóvember

Aðilafundur 15. október

Aðalfundur 9. apríl

Hér á eftir er nánar sagt frá einstökum viðburðum:

**Opinn fundur: Grænir fletir**

Þann 6. mars var haldinn opinn fundur í Norræna húsinu í samvinnu við NordGreen verkefnið. Kynntar voru fjölbreyttar útfærslur á grænum flötum mannvirkja, utan sem innan. Á fundinum var m.a. sagt frá rannsóknum sem verið er að vinna á gróðurþekju hérlendis og var fundurinn mjög vel sóttur. Erindi fluttu þau: Aðalheiður Atladóttir (AF arkitektar), Þorkell Gunnarsson (Háskóli Íslands), Ragnhildur Skarphéðinsdóttir (Hornsteinum), Sveinn Aðalsteinsson (Starfsmennt) og Magnús Bjarklind (Eflu). Hægt er að skoða kynningar frá fundinum á heimasíðu Vistbyggðarráðs undir, starfsemi- opnir fundir.



**Opinn fundur: Vistferilsgreining og íslenskur byggingariðnaður**

Næsti viðburður á vegum VBR fór einnig fram í Norræna húsinu þann 21. maí, en á þeim fundi var fjallað um vistferilshugsun í íslenskum byggingariðnaði. Markmið fundarins var að efla þekkingu og auka umræðu um vistferilshugsun almennt. Sagt var frá verkefnum þar sem unnið var með þessi markmið að leiðarljósi.

Erindi héldu þau: Bergljót S. Einarsdóttir (Framkvæmdasýsla ríkisins), Ólafur H. Wallevik (Nýsköpunarmiðstöð/HR), Helga Jóhanna Bjarnadóttir (Efla), Elín Vignisdóttir (Verkís) og Jukka Heinonen (Háskóli Íslands).

## Aðilafundur 15. október

Ákveðið var að færa aðilafund sem vera átti í september fram til 15. október og nýta hann til þess að fara vel yfir og endurskoða stefnu Vistbyggðarráðs 2013-2015. Fundurinn var hugsaður sem vettvangur fyrir aðildafélög eða fulltrúa þeirra sem hafi á huga á að taka virkan þátt í að leggja línurnar fyrir starfseminu næstu þrjú til fimm árin.

Í upphafi fundar fór Helga Jóhanna formaður stjórnar yfir stefnuna og hvað hefur áunnist á síðastliðnum 3 árum. Þá fór framkvæmdastýra yfir helstu niðurstöður viðhorfskönnunar meðal aðila sem fór fram dagana 3.-12. október. Að því loknu var hópnum skipt upp í tvo hópa sem ræddu saman út frá tveimur spurningum, sem er þær sömu og lagðar voru fram á stefnumótunarfundi 2012.

I) Hvernig sjáum við fyrir okkur Vistbyggðarráð 2020?

II) Hverjar eru helstu áskoranir/verkefni sem við stöndum frammi fyrir.

Að loknum umræðum kynntu hópar helstu niðurstöður sínar



## Vika vistvænna bygginga

Þann 23. september stóð Vistbyggðarráð fyrir göngutúr/skoðunarferð með yfirskriftinni *Vistvænar byggingar, fólk og náttúra*. Stoppað var á nokkrum áhugaverðum stöðum og fræðst um vistvænar lausnir í byggð. Lagt var af stað frá umferðamiðstöð BSÍ. Fyrst var gengið að Landspítalanum þar sem Hulda Steingrímsdóttir kynni samgöngu- og umhverfisstefnu spítalans. Þá var stigið upp í strætó og haldið á Suðurgötuna þar sem Guðbjartur Á. Ólafsson frá Framkvæmdasýslu ríkisins sagði frá vottuðum framkvæmdum við Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur sem eru nú í fullum gangi. Ferðin endaði í Norræna húsinu þar sem þær Aðalheiður E. Kristjánsdóttir og Áslaug Traustadóttir frá Landmótun, kynntu verðlaunahönnun Landmótunar á Vatnsmýrinni við Norræna húsið.



## Erindi, fundir og kynningar

Það er hluti starfsins að kynna Vistbyggðarráð og markmið þess sem víðast og hefur framkvæmdastýra tekið vel í það þegar óskað er eftir kynningu hvort sem það er í skólastofnunum, á námskeiðum eða í fyrirtækjum og stofnunum. Reynt er að sníða kynninguna hverju sinni að starfsemi viðkomandi fyrirtæki/stofnun. Fundir voru haldnir hjá eftirtöldum aðilum á árinu:

- Verkís, 21. janúar
- Skipulagsstofnun, 23.mars
- Reitir, 4.sept
- Samtök Iðnaðarins, 24.nóvember

## Ráðstefnur

Vistbyggðarráð stóð ekki fyrir eigin ráðstefnu á árinu en tók þátt í undirbúningi samnorrænu ráðstefnunnar, Nordic Green Buildings Conference, en ráðstefnan var haldin í glæsilegu húsnæði danska útvarpsins, Danmarks Radio í Kaupmannahöfn. Daginn áður eða þann 27. apríl hélt Norræni Nýsköpunarsjóðurinn ráðstefnu í tengslum við Nordic Built Cities verkefnið sem þá var að fara í gang, en þann 28.apríl var ráðstefna Norrænu Vistbyggðarráðanna sem lauk með hjólaferð daginn eftir um nýbyggingarsvæði á Norðurhöfninni.



## INNLENT OG ERLENT SAMSTARF

### Norrænu vistbyggðarráðin

Samstarf við vistbyggðarráðin á Norðurlöndunum hefur verið mjög virkt sérstaklega á þessu ári sem skýrist að miklum hluta af þátttöku í samnorrænum verkefnum og voru samstarfsfundir haldnir í tengslum við verkefnafundi í sameiginlegum verkefnum.

### Nordic Built verkefni

Norrænu verkefnunum tveimur, Norrænar leiðbeiningar um vistvæn byggingarefni og Norrænn vegvísir um vistvæna þróun þéttbýlis, sem Vistbyggðarráð hefur tekið þátt í ásamt systursamtökum í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi er nú lokið að mestu og var lokafundur í stýrihópum beggja verkefna haldinn í Finnlandi í nóvember. Nú, í byrjun árs 2016 er verið að vinna í samræmingu gagna og frágangi verkefnisskýrsla.


Samnorrænt leiðbeiningarit um vistvæn byggingarefni mun líta dagsins ljós nú á vormánuðum 2016 og verður það verkefni næsta árs að kynna þetta viðamikla og ítarlega leiðbeiningarit sem fjölmargir sérfræðingar hafa komið að á undanförunum 2 árum. Mun það vonandi gagnast þeim sem eru að vinna að því að auka umhverfisáhrerslur í íslenskum byggingariðnaði.

Þá hefur samnorrænn vegvísir um vistvæna þróun þéttbýlis þegar verið gerður aðgengilegur á vef VBR og kynntur á fundum, en vinna þarf að því að kynna hann enn betur og gera ítarefni og fyrirmyndardæmi sem honum fylgja aðgengilega á árinu 2016.

Það er því óhætt að segja að nokkur kraftur hefur farið í þessi tvo verkefni á árinu 2015, einkum þá verkefnið um norrænan leiðbeiningar um vistvæn byggingarefni.

## Samstarfssamningur við BIM Ísland

Í byrjun febrúar var undirritaður samstarfssamningur VBR og BIM Ísland. Samstarfið er um annars vegar einstaka viðburði en hins vegar um virka samvinnu varðandi kynningu og innleiðingu á BIM aðferðarfræðinni, sem er til þess fallin að auka gæði og efla samvinnu og upplýsingagjöf þeirra aðila sem vinna að hönnun og framkvæmdum með sjálfbærni markmið að leiðarljósi.



Þá mun hvor aðili um sig efla almenna kynningu og upplýsingagjöf til félagsmanna um starfsemi félaganna í þeim tilgangi að koma á virkri samræðu milli aðila. Stefnt er að því að VBR og BIM Ísland standa saman að opnum fundi/málþingi um aðferðarfræði vistvænnar hönnunar og framkvæmdar á árinu 2016 og standa saman fyrir fræðslufundi og/eða námskeið um notkun upplýsingatækni í hönnun og framkvæmdum með áherslu á samstarf og þverfaglega nálgun í vistvænni hönnun.

## Styrkir og styrkumsóknir

### Umhverfis- og auðlindaráðuneytið

Í byrjun árs 2015 kom styrkur frá ráðuneytinu til tveggja verkefna. Efnisgæði- gerð fræðsluefnis fékk úthlutað 1.000.000 kr. og verkefnið Híbýli og heilsa fékk 800.000 kr. Sótt var um aukastyrk til að vinna hluta þeirra til Nýsköpunarsjóðs námsmanna í samstarfi við Háskólann í Reykjavík en ekki fékkst styrkur í verkefnið. Bæði þessi verkefni voru minnkuð að umfangi og voru unnin á síðari hluta árs 2015.

Í lok árs var sótt um einn styrk til Umhverfis- og auðlindaráðuneytis í lok árs fyrir verkefnið, **Sjálfbært umhverfi fyrir ungt fólk og framtíðina. Kynningarátak fyrir framhaldsskólanemendur**. Markmið verkefnisins var að kynna sjálfbæra þróun og mikilvægi þess að hið byggða umhverfi sé byggt á vistvænan hátt. Það er mikilvægt að efla umhverfisvitund á meðal ungs fólks, en það munu koma til með að hafa mikil áhrif á þróun hins byggða umhverfis næstu árin og áratugi. Ætlunin var að kynna sérstaklega vistvæna möguleikar í húsnæðismálum fyrir þennan aldurshóp, fjalla um stærð, rými, efnisval og rekstur íbúðarhúsnæðis. Því miður fékkst ekki styrkur til þessa verkefnis.

### Rannís

Sótt var um styrk til Nýsköpunarsjóðs námsmanna í mars í samstarfi við Háskólann í Reykjavík vegna tveggja verkefna, en hvorugt verkefnið fékk styrk.

- Vistvottun bygginga- ferli og framkvæmd
- Híbýli og heilsa- heilsufarsleg áhrif vistvænna bygginga.

## AÐ LOKUM

Á þeim sex árum sem liðin eru síðan Vistbyggðarráð var stofnað hefur mikil vitundarvakning átt sér stað á sviði vistvæns skipulags og bygginga. Nú þegar byggingariðnaðurinn er að rísa eftir mikla lægð skiptir máli að til sé öflugur vettvangur þar sem lögð er áhersla á fræðslu, faglega umræðu og skilgreiningu viðmiða fyrir vistvæna byggð í íslensku samfélagi. Vistbyggðarráð hefur sinnt þessu hlutverki og hefur starfsemin verið fjölþætt á síðastliðnu starfsári eins og lesa má um í þessari samantekt stjórnar.

Viðburðir og verkefni höfðu það að leiðarljósi að auka umræðu en ekki síður að leggja til nýja þekkingu.

Rannsóknarstyrkir fengust bæði innanlands frá Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu sem og norrænir styrkir frá Nordic Innovation. Afrakstur þessara verkefna er öllum opin.

Lögð var áhersla á að auka við fræðslunámskeið og voru fyrstu námskeiðin haldin í upphafi árs 2016 og fleiri eru í undirbúningi á árinu 2016. Þessi námskeið hafa verið opin öllum en aðilar Vistbyggðarráðs fá afslátt af námskeiðsgjaldi. Námskeiðin hafa mælst vel fyrir og hafa verið vel sótt.

Samstarf við systursamtök Vistbyggðarráðs á hinum Norðurlöndunum hefur verið gagnlegt, ekki einungis hvað varðar faglegt samstarf í rannsóknarverkefnum og ráðstefnuhaldi, heldur einnig hafa Vistbyggðarráð Norðurlandanna skipst á reynslu varðandi ýmsa rekstrarlega þætti. Hlúa þarf áfram að þessu samstarfi.

Starfseminni er þó nokkuð þröngur stakkur sniðinn fjárhagslega en síðasta starfsár var fyrsta heila starfsárs þar sem Vistbyggðarráð hafði einn starfsmann, framkvæmdastýru í fullu starfi. Auk framkvæmdastýru störfuðu fyrir Vistbyggðarráð starfsmenn og starfsnemi í tímabundnum verkefnum. Áskorun næsta starfsárs er að skjóta styrkari stoðum undir fjárhagslegan grundvöll samtakanna svo starfsemin megi eflast enn frekar.

Félagasamtök eins og Vistbyggðarráð byggja á virkri þátttöku sem flestra aðila og er öllum sem lagt hafa starfinu lið á árinu með ýmis konar framlagi þakkað fyrir það. Stjórn Vistbyggðarráðs og framkvæmdastýru er sömuleiðis þakkað fyrir mjög gott og gefandi samstarf á árinu.

Reykjavík, 14.apríl 2016

**Helga Jóhanna Bjarnadóttir, formaður stjórnar Vistbyggðarráðs**





**Áritun stjórnar:**

Andri Þór Arinbjörnsson

\_\_\_\_\_

Bergljót S. Einarsdóttir

\_\_\_\_\_

Björn Guðbrandsson

\_\_\_\_\_

Elín Vignisdóttir

\_\_\_\_\_

Gísli Bjarnhéðinsson

\_\_\_\_\_

Haukur Magnússon

\_\_\_\_\_

Helga Jóhanna Bjarnadóttir

\_\_\_\_\_